

Góðir lesarar lesa og hlusta á fjölbreyttan texta. Þeir lesa til dæmis ...

- sögur
- fræðilegan texta
- myndasögur
- uppskriftabækur
- tímarit
- ljóð
- dagblöð
- tölvupóst

Orðafjársgjóður

Hér máttu skrifa þau orð
sem þér finnst
áhugaverð eða þig langar
til að vita meira um.


Arndís Þórarinsdóttir

SKRÍMSLIÐ Í SKÁPNUM

Eitt skref í einu – stig 5

Orðaglíma – Reyndu að leysa eitt orð á dag þar til þjálfuninni lýkur.
Orðin eru langoftast í texta sem þú hefur lokið við að lesa.

2				m	s	l	i		
4			p		k		m		
1			f	þ	r				
8			f	f	í				
12			n	g	m		æ	ð	
3					s	s			
18		v			l	f			
7			n	a	k	r			
17			s	i	s				
5					é		k	l	
10	ý				r	n			
6				l	f	i			
20					r	l	l		
16					æ	s	k		
15					ð				i
13			p	p	i				
19					n		l	l	
14					g		t		
9					u	g			
11			ú		r				



m MENNTAMÁLASTOFNUN

Til lestrarþjálfara

Um þjálfunina

Æskilegt er að sami aðilinn sjái um þjálfunina á þjálfunartímabilinu til að viðhalda sama vinnulagi og fá tilfinningu fyrir framförum.

Heildarþjálfunartími er 15 mínútur; fyrst lesfimiþjálfunin samkvæmt þjálfunarfyrikomulagi og svo í heimalestrarbók að 15 mínútunum.

Nemandinn les alltaf upphátt til að lestrarþjálfarinn fái innsýn í lestrarferlið hjá nemandanum.

Sjáið til þess að nemandinn hafi fingurinn undir því orði sem lesið er hverju sinni eða notið blýant til að styðja hann í lestrinum.

Lesskilningsspurningarnar eru leystar munnlega eftir síðustu tímatökuna.

Gott hljómfall við lestur næst þegar nemandinn hikar á komnum og stoppar á punkti.

Hagnýt ráð

Þjálfði eins snemma dags og kostur er.

Gætið þess að barnið sé ekki svangt og sé búíð að fara á salernið.

Veljið stað þar sem næði er gott og engin truflun.

Sitjið við hlið barnsins og veitið lestri þess góða athygli.

Hvetjið og hrósið.

Erfiðleikar við lestur orðs?

Ekki hleypta barninu áfram í lestri nema orð sé alveg rétt lesið.

Í **tímatökunni** skaltu bíða í tvær sekúndur en svo máttu segja barninu hvert orðið er svo það geti haldið áfram lestrinum.

Þegar nemandinn þjálfar textann **milli tímatöku** og lendir í vanda við umskráningu orðs, getur þú nýtt þér eftirfarandi ráð:

- Láttu barnið glíma sjálft við orðið í um það bil fimm sekúndur.
- Spurðu „Hvaða orð heldur þú að þetta sé?“
- Hvettu barnið til að lesa málsgreinina til enda og nýta sér samhengið til að ráða í orðið.
- Lestu orðið fyrir barnið, skoðuðu það vel með því og láttu það þjálfast lestur orðsins nokkrum sinnum.

Hvatning og hrós

Vel lesið!

Þú last öll orðin rétt!

Þér tókst að leysa orðið!

Þér hefur virkilega farið fram í ...

Þú stendur þig vel í þjálfuninni!

Þú lest skýrt og fallega.

Frábært viðhorf!

Hún stimplaði inn 112.

4

„Ég læt lögregluna sækja þig,“ hvæsti hún.

11

„Og meðan þú verður í fangelsinu get ég spilað eins og ég vil! Allar nætur!“

19

26

Rósa hryllti sig, þar sem hún sat á gólfinu.

35

Hafþór hugsaði með sér að sennilega yrði betri svefnfriður fyrir aumingja konuna í fangelsi.

42

48

49

Hafþór gekk hægt að svaladyrunum og opnaði þær. Um leið og ferskt loftið barst inn í herbergið stökk Rósa af stað og beint út í garðinn. Svo var hún horfin. Það var ekki

55

63

72

82

skrýtið að hún væri snögg, hugsaði Hafþór.

89

Hún hlaut að þurfa mjög mikið að pissa eftir veruna í skápnum!

98

101

„Eins og ég sagði,“ sagði Hafþór og stakk upp í sig kekköku meðan Bessí talaði hratt og hátt í símann við lögregluna. „Þau rata heim til sín á endanum.“

109

117

125

130

Hvaða kost sá Bessí við það að Rósa færi í fangelsi?

Hvers vegna opnaði Hafþór svaladyrnar?

„Já, einmitt,“ sagði Hafþór og roðnaði. 6
 „En þegar þú nálgast varð Rósa hrædd. 13
 Hún ákvað að þykjast vera skrímsli svo þú 21
 myndir ekki opna skápinn og finna hana. 28
 Hún hefur sjálfsagt ætlað að bíða eftir 35
 tækifæri til þess að laumast út.“ Hafþór 42
 horfði hugsu á Rósu og svo á Bessí. „En þú 52
 fékkst þér strax önugan fataskápsvörð með 58
 fjögur horn. Þá var Rósa föst í skápnum, 66
 bæði þegar þú varst heima og þegar þú 74
 fórst út.“ 76
 Rósa sagði ekkert. Hún reyndi ekki að 83
 neita kenningu Hafþórs. Hún leit ekki á 90
 hann. Hún leit ekki á Bessí. Hún sat bara 99
 á miðju gólfi með fýlusvip. 104
 Hafþór skildi það vel. 108
 Þetta var auðvitað vandræðalegt fyrir 113
 hana. 114
 Bessí var orðin eldrauð í framan. Svo 121
 skimaði hún í kring um sig og greip síma. 130

Hvers vegna ákvað Rósa að þykjast vera skrímsli?
 Hafði Hafþór rétt fyrir sér í útskýringum sínum?

Skráning



Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						
20						

Hafþór var níu ára og hann var skrímsla- sérfræðingur. Þetta hljómar kannski eins og lygi. Fólk þarf auðvitað að fara í háskóla til að læra skrímslafræði.	8 13 22 26	„Rósa, hvað ert þú að gera í skápnum mínum!“ sagði Bessí og var nú orðin mjög reið í málrómnum. „Ég ... Ég ...“ „Ég hugsa að hún hafi læðst inn í íbúðina þína,“ sagði Hafþór, þegar Rósa kom ekki upp orði. „Ég veit ekki hvað hún hefur ætlað að gera. Kannski troða gömlum ullarsokk inn í básúnuna þína – hver veit? Sambúð ykkar virðist ekki hafa gengið mjög vel. En svo komst þú heim.“ Hafþór talaði hátt og spekingslega og horfði á Rósu, sem sat þegjandi á gólfinu. „Rósa hefur ekki viljað láta góma sig við innbrot. Hún faldi sig í skápnum og hefur ætlað að laumast út þegar þú sæir ekki til. Þegar þú ætlaðir svo að sækja þér náttkjól ...“ „Ég ætlaði ekkert að sækja náttkjól, ég ætlaði að sækja hreinar nærbuxur!“	8 15 19 21 30 36 45 51 58 64 71 78 85 92 100 108 117 118 125 130
Satt og rétt.	29		
En Hafþór var snjall ungur maður og þrátt fyrir að hann hefði ekki lokið námi úr skrímsladeild Háskóla Íslands hafði hann samt náð langt á sínu sviði.	36 45 50 56		
„Skrímslaþjónusta Hafþórs, góðan dag!“	60		
„Góðan daginn, ég heiti Bessí. Get ég fengið að tala við skrímslafræðing á vakt?“	67 74		
„Ég er hann! Hvernig get ég aðstoðað?“ spurði Hafþór galvaskur.	81 84		
Marianna smíðakennari var ekki jafn galvösk þegar hún kom skálmandi og greip símamann hans Hafþórs.	89 96 99		
„Hvað er eiginlega að þér, manneskja, þetta var mjög mikilvægt símtal,“ veinaði hann.	105 111 112		
Marianna sýndi enga iðrun.	116		

Hvað þýða orðin „galvaskur“ og „iðrun“?

Hvers vegna tók Marianna smíðakennari símann
af Hafþóri?

Hvernig útskýrði Hafþór það hvernig Rósa hafði lent í
fataskáp Bessíar?

Það sem var í skápnum vildi ekki að það	9
yrði kveikt í honum. Því leist ekkert á lýsi.	18
Það var heldur ekki ánægt með hvítlaukinn.	25
en það HATAÐI greinilega básúnuna.	30
Hafþór kinkaði kolli.	33
Hann var nokkuð viss um það hvað var í	42
skápnum.	43
„Ég hef lært eitt sem skrímslafræðingur,“	49
sagði hann og lagði frá sér lýsisflöskuna.	56
„Margir lenda í því að hleypra óvart inn	64
skrímslum. En vandamálin byrja fyrir alvöru	70
þegar fólk hleypir þeim ekki út aftur.“	77
Hann reif upp skáphurðina.	81
Út rúllaði eitthvað sem var ... ekki skrímsli.	88
Þetta var ekki marbendill. Ekki norn. Ekki	95
einu sinni álfur eða tröll.	100
Þetta var gömul kona, föl og skjálfandi.	107
„Rósa!“ hrópaði Bessí.	110
„Það er bannað,“ sagði Rósa veikri röddu,	117
„að vera með gæludýr í byggingunni!“	123
Hún benti titrandi á jötuna hans Salómons.	130

Hvað hefur Hafþór lært sem skrímslafræðingur?
Hvað var það fyrsta sem Rósa sagði?

„Við höfum rætt þetta, Hafþór. Símar eru	7
bannaðir í tímum. Og þú þarft að þússa	15
kubbinn þinn miklu betur.“	19
Hafþór greip sandpappír og byrjaði að	25
þússa kubbinn. Hann var búinn að vera að	33
þússa þennan kubb í allan vetur, þótt það	41
væri til fullt af vélum sem þússuðu miklu	49
hraðar en níu ára krakkar.	54
„Þetta er algjörlega úrelt tækni! Þetta er	61
eins og að við lærðum ekki neitt nema að	70
súrsa slátur í heimilisfræði,“ muldraði Hafþór	76
með sjálfum sér. „Það ætti einhver að láta	84
skólann vita af því að það er búið að finna	94
upp rafmagnið.“ Eftir tímann dustaði Hafþór	100
sagið af símanum og hringdi til baka.	107
Kubburinn var enn hrjúfur eins og	113
skeggjaður vangi.	115

Hvers vegna var Hafþór ósáttur við að þurfa að þússa
kubbinn með sandpappír?

Hvað bendir til þess að Hafþór hafi ekki verið sérstaklega
iðinn í smíðatímunum?

„Góðan daginn, þetta er Hafþór skrímsla- fræðingur. Sambandið rofnaði hjá okkur áðan, get ég aðstoðað?“	6 11 15
„Ef þetta hefði verið neyðartilfelli,“ sagði röddin í símanum snúðug, „þá væri ég búin að leita annað. Eða það gæti verið búið að éta mig.“	21 29 38 40
„Hefurðu leitað annað?“	43
„Nei,“ viðurkenndi Bessí.	46
„Og það er varla búið að éta þig?“	54
„Ekki að ráði,“ svaraði Bessí. „Enn þá.“	61
„En narta í þig?“ spurði Hafþór forvitinn.	68
„Allt í lagi, allt í lagi. Þetta gat kannski beðið aðeins,“ viðurkenndi Bessí.	77 81
Hafþóri heyrðist að það hefði ekki einu sinni verið glefsað í hana.	88 93
„En hvert er skrímslavandamálið?“	97
spurði hann.	99
„Nú, ég veit það ekki,“ sagði Bessí.	106
„Þess vegna hringdi ég í þig.“	112
„Hvað áttu við?“	115

Hvað þýðir það þegar einhver er „snúðugur“?
Var um neyðartilvik að ræða? Hvers vegna eða hvers
vegna ekki?

Hann fetaði sig nær og hélt áfram:	7
„Hrikaleg fýla. Og blettirnir nást bara alls ekki úr fötum.“ Skápurinn ýlfraði.	15 19
„Heldurðu að þetta sé nokkuð varúlfur?“	25
spurði Bessí og bakkaði nokkra sentímetra frá skápnunum. „Gæti vel verið,“ sagði Hafþór.	31 38
„Hvers vegna heldurðu að við séum með hvítlaukinn með okkur?“	45 48
„Ég hélt að hvítlaukur væri gegn vampírum?“	55
„Mjög gagnleg planta, hvítlaukurinn,“ sagði Hafþór. „Hægt að nota hana við alls konar vanda. Virkar líka á eyrnabólgu.“	60 68 73
„Það kemur örugglega ekki góð lykt ef maður notar lýsið og hvítlaukinn saman,“ sagði Bessí og neri hendur sínar. „Ég er orðin mjög taugaveikluð yfir þessu. Ég held að ég þurfi bara að spila svolítið á básúnuna áður en þú byrjar. Til að róa mig.“	81 88 96 104 113 118
Um leið og Bessí nefndi básúnuna fór skápurinn að hristast af bræði.	125 130

Hvítlaukur er gagnleg planta. Hvernig er hægt að
nota hana samkvæmt ráðum Hafþórs?
Skápurinn hristist mest þegar básúnan er nefnd?
Hvers vegna ætli það sé?

Næst sultaði Hafþór svolitlu lýsi í sultukrukkuna og passaði að það heyrðist vel í flöskunum.	6 12 15	„Ef þetta væri ljón, til dæmis, í skápnum mínum. Þá væri ég búin að bera kennsl á það. Þá væri ljóst að um ljón væri að ræða. En þetta er ekki ljón.“	8 17 27 32
„Ef þetta er mara þá er þjóðráð að skvetta á hana lýsi. Þær þola ekki lyktina.	24 31	„Aha,“ sagði Hafþór. „Svo það býr í skápnum?“	39 40
Þær verða bara að komast strax í það. Og ef maran er í baði, þá er hún ekki í skápnum þínum!“	39 49 52	„Það merkilegasta er,“ sagði röddin eins og hún hefði ekki heyrt til hans, „að það kúkar ekki.“	46 55 57
„En verður þá ekki fýla í skápnum?“ spurði Bessí áhyggjufull.	59 62	„Einmitt,“ sagði Hafþór glaður. Það að röddin í símanum hefði orð á þessu benti til þess að þetta væri ekki gabb. Þetta var lítt kunn staðreynd um skápaskrímsli. Hafþóri leiddust gabbútköll.	63 72 81 86 88
„Ja, nú þarft þú kannski að velja, Bessí,“ sagði Hafþór.	70 72	„Ljón, sjáðu til, hefði gert skápinn mjög illa þefjandi.“	96 97
„Hvort er verra að hafa í skápnum, skrímsli eða svolitla lýsislykt?“	79 83	„Mikið rétt,“ sagði Hafþór. „Ég held að ég þurfi að líta á aðstæður hjá þér. Hvert er heimilisfangið?“	104 114 115
Bessí horfði efins á Hafþór og skápinn til skiptis.	91 92		
„Ég geymi nærfötin mín í þessum skáp,“ sagði hún. „Það væri mjög slæmt ef það væri lýsislykt af þeim.“	99 107 111		
„Já,“ sagði Hafþór hátt og snjallt.	117		
„Allt í þessum skáp yrði alveg löðrandi í lýsi.“	126		

Hvaða ráðum beitir Hafþór þegar mara er annars vegar?
Hvað geymir Bessí í skápnum?

Hvar heldur skrímslið til?
Hvað er það sem einkennir skápaskrímsli og fáir vita um?

Svo lagði hann af stað. Hann þurfti að taka þrjá strætisvagna og var klukkutíma á leiðinni.	9 16	Bessí þótti greinilega verra að biðja Salómon að færa sig inn í stofu. Hún klappaði honum lengi og hvíslaði einhverju að honum.	6 15
Hverfið var ekki dæmigert skrímslahverfi.	21	Að endingu fóru þau saman inn í stofuna, konan og hrúturinn. Hafþór heyrði að hún kveikti á sjónvarpinu.	22 30 37 40
Hafþór hafði ekki komið þangað áður. Hann skoðaði landslagið vandlega, athugaði helstu ummerki um skrímslaumferð og bankaði svo upp á.	28 33 39 41	Hafþóri sýndist skáphurðin opnast ofurlítið þegar þau voru farin. Hún lokaðist snarlega.	45 52
Konan sem kom til dyra var með sítt, dökkt hár, stór augu og sat í hjólastól.	49 57	„Átt þú nokkuð slökkvitæki?“ spurði Hafþór þegar Bessí kom aftur.	58 62
„Skrímsla-Hafþór,“ sagði Hafþór og rak fram lúkuna.	63 65	„Af hverju spyrðu?“ spurði hún tortryggin.	68
„Bessí,“ sagði konan og tók varlega í hana.	73	„Nú, ég vona auðvitað að ég þurfi ekki að kveikja í skápnum,“ sagði Hafþór hátt og snjallt, svo íbúi skápsins heyrði örugglega til hans.	76 84 91
„Hérna ... hefur þú mikla reynslu af þessum málum?“	80 81	„En ef svo fer, væri gott að hafa slökkvitæki. En við þurfum kannski ekki að hafa áhyggjur af því alveg strax. Ég get reynt ýmislegt annað fyrst.“	100 107 116 119
„Meiri en þú gætir trúað,“ sagði Hafþór og brosti breitt. „Og ég er ódýrari en þessir apakettir með háskólagráðurnar!“	88 97 100	Það heyrðist tíst úr skápnum.	124
Konan virtist ekki sannfærð.	104		
Hafþór var vanur því að vera vanmetinn, bæði af fólki og skrímslum.	111 116		

Í sögunni kemur fram að hverfið hafi ekki verið dæmigert skrímslahverfi. Hvernig heldur þú að dæmigert skrímslahverfi líti út?

Hverju ætli Bessí hafi hvíslað í eyrað á Salómoni?
Hvað ætlaði Hafþór að gera við slökkvitæki?

„Hvað gerist svo?“ spurði Bessí.	5
„Nú, við veiðum skrímslið,“ sagði Hafþór.	11
„Það er langbest að hleypa því bara út í garð – þá ratar það heim til sín aftur.“	21
Bessí leit á Hafþór. Svo á lýsið og sultuna.	37
Svo aftur á Hafþór.	41
„Hvernig?“ spurði hún.	44
Hafþór stakk upp í sig sjöundu kekkökunni.	51
„Engar áhyggjur,“ sagði hann. „Þetta verður ekkert mál.“	57
Svo skálmaði hann aftur inn í herbergið með Bessí á hælunum.	66
Salómon jarmaði frekjulega á Hafþór.	70
Hafþór jarmaði hátt til baka.	75
Salómon þagnaði.	80
„Við skulum byrja á því að fjarlægja hann Salómon,“ sagði Hafþór. „Ég þarf að hafa algjöran vinnufrið.“	82
Hann sagði við en meinti samt eiginlega þú.	90
Hann ætlaði ekki að koma nálægt hrútnum sem var örugglega 120 kíló. Bessí varð að sjá um það.	97
	99
	107
	114
	123
	125

Hvernig þaggaði Hafþór niður í Salómoni?
Hvers vegna vildi Hafþór losna við hrútinn?

„Jæja,“ sagði Hafþór og skálmaði inn í forstofuna. Hann skimaði í kringum sig.	7
„Býrðu ein hérna?“	13
„Já, það er bara ég í þessari íbúð og svo hún Rósa á efri hæðinni.“	16
Hafþór kinkaði kolli.	26
„Og hefur Rósa líka orðið vör við skrímsli?“ spurði hann um leið og hann beygði sig niður til að þefa af skóhillunni.	31
„Það veit ég ekki,“ sagði Bessí. „Ég tala ekki við hana. Skelfileg kona. Við erum til dæmis mjög ósammála um það klukkan hvað er eðlilegt að æfa sig á básúnu í fjölbýli.“	34
Hafþór gretti sig. Aumingja Bessí! Það var slæmt að búa með skrímsli, en það hlaut að vera enn verra að vera vakinn af básúnu á nóttunni.	42
„En segðu mér af skrímslinu.“	51
	56
	64
	72
	78
	88
	95
	104
	113
	114
	119

Hvert er ágreiningsefni Bessíar og Rósu? Um hvað rífast þær?

„Tja, það hefur verið þarna síðan í gær,“	8
sagði Bessí.	10
„Urrar það?“	12
„Já.“	13
„Krafsar?“	14
„Stöðugt.“	15
„Sérðu augu lýsa út um skápdyrnar?“	21
„Hjálp mér, nei!“ Bessí fölnaði. „En ég hef	29
svo sem ekki gáð. Ég fór ekki nálægt skápnum	38
í gærkvöldi. Af skiljanlegum ástæðum.“	43
Hafþór skrifaði þetta í bókina sína.	49
„Vakti skrímslið þig í nótt?“	54
Hún hugsaði sig um stundarkorn.	59
„Nei. Það var sérstaklega skelfilegt áður	65
en ég sofnaði en svo virtist urrið hætta.“	73
„Hmm,“ sagði Hafþór. „Þetta gæti verið	79
svona þankaskrímsli. Ekki gott að segja.“	85
„Þankaskrímsli?“ Bessí hallaði spyrjandi	89
undir flatt.	91
„Já, þau nærast á ímyndunaraflinu.“	96
„Ertu að segja að ég sé að ímynda mér	105
þetta?“ Hún var svo móðguð að Hafþór	112
óttaðist að hún ætlaði að keyra hann niður.	120

Hvaða hljóð gefur skrímslið frá sér?
Hvert er eðli þankaskrímsla?

„Ég þarf að fá hjá þér birgðir áður en ég reyni	11
að opna skápinn. Má ég fara inn í eldhús?“	20
Bessí kinkaði kolli og þau héldu inn í eldhúsið.	29
Á ganginum sá Hafþór bunka af nótnabókum	36
og þrjár glansandi básúnur.	40
Áhugavert.	41
„Ég þarf lýsi, edik, sultu, hvítlauk og svolítið	49
hveiti“, sagði Hafþór þegar þau komu í	56
eldhúsið. „Og pakka af súkkulaðikexi.“	61
„Súkkulaðikexi? Borða skrímsli súkkulaðikex?“	65
spurði Bessí, sem var að gramsa ofan í skúffu.	74
Við örbylgjuofninn hékk stórt málverk af konu	81
að spila á básúnu.	85
„Nei,“ sagði Hafþór. „En skrímslafræðingar	90
eru vitlausir í það. Maður ætti aldrei að berjast	99
við skrímsli á tóman maga.“	104
Bessí tók saman það sem Hafþór þurfti.	111
Líka súkkulaðikexið. Hafþór var ánægður	116
með hana – hún skildi greinilega að málið	123
var alvarlegt.	125

Hvers konar birgðir þurfti Hafþór í viðureign sinni
við skrímslið?

Hvers vegna er skrímslafræðingar vitlausir í súkkulaðikex?

Skrímsli voru hans sérgrein. Hann kunni ekkert á húsdýr. „Jú,“ sagði Bessí. „Einmitt þess vegna vil ég hafa hann hérna.“	6 13 20
„Og hann er sem sagt ekki skrímslið?“	27
„Nei, það býr þarna,“ sagði Bessí og benti á skápinn. Skápurinn hristist.	35 39
„Áhugavert,“ sagði Hafþór og skrifaði athugasemd í litla glósubók.	44 48
Salómon jarmaði geðvonskulega í átt að skápnum sem hætti að hristast.	54 59
„Hér er ýmislegt sem kemur til greina. Gæti verið sæskrímsli. Greppikló. Loðskrímsli. Ekki gott að segja. Risavaxin margfætla. Sagðirðu að augun glóðu? Þá kemur ísbjörn auðvitað til greina ...“	66 71 77 84 87
„Ísbjörn?“	88
„Ég vil bara halda öllum möguleikum opnum.“	95
Hafþór bankaði laust á skápdýrnar. Að innan kom urr.	102 104
„Ég hugsa að þetta sé ekki þankaskrímsli ...“ sagði Hafþór.	111 113
Hann bankaði aftur á hurðina á skápnum og þefaði varlega af honum.	120 125

Hvers vegna vildi Bessí hafa Salómon hjá sér?

Hvers vegna ætli skápurinn hafi hætt að hristast þegar
Salómon jarmaði í áttina að honum?

„Þú skalt ekki vanmeta þankaskrímslin,“ sagði hann alvarlegur í bragði. „Þau eru eitt það svæsnasta sem við í skrímslageiranum lendum í. Ef ég á að segja eins og er, þá vildi ég heldur vera lokaður inni í litlu herbergi með heilum her af skoffinum og skuggaböldrum en einu, góðu þankaskrímsli. Það eru eiginlega engin takmörk fyrir því hvað þau geta orðið stór.“	5 13 19 30 38 45 50 57 62
Bessí fölnaði.	64
„En hvað segir þú um þetta?“ spurði hún. Hún rétti fram þrjú, löng, hrokkin hár. „Ég fann þetta við skápinn.“	72 79 84
Hafþór rak up stór augu.	89
„Sýnishorn! Mjög áhugavert!“ Hann dró stórt stækkunargler úr þússi sínu.	94 99
„Hvað heldur þú?“ spurði Bessí.	104
„Hmm.“	105
„Er það hættulegt?“	108
„Hmmm.“	109
„Étur það fólk?“	112
„Nei,“ sagði Hafþór hægt. „Það étur gras.“	119
„Gras?“	120

Hvað eru skoffin og skuggabaldrar? Þú getur t.d. kíkt
á Vísindavefinn!

Af hvernig dýri ætli hárin séu? Hvaða dýr éta gras?

„Þetta er ull. Af íslenskri kind. Úr Skagafirði, ef mér skjátlást ekki.“	8 12
„Hvað er kind úr Skagafirði að gera í skápnum mínum?“ spurði Bessí og gaut augunum inn í svefnherbergi.	20 26 30
„Þú kannast sem sagt ekki við slíkt?“ spurði Hafþór.	37 39
„Nei, auðvitað ekki!“ sagði Bessí. „Eða ég held ekki, ég hef auðvitað ekki þorað að opna skápinn.“	46 55 56
„Mér finnst nú ósennilegt að það sé kind í skápnum,“ sagði Hafþór spekingslegur. Honum fannst reyndar líklegast að hárin kæmu bara af ullarteppi. „Ég held að það sé kominn tími til að kanna málið.“	64 69 75 84 90
Bessí leiddi Hafþór inn í herbergið.	96
Hafþór gargaði.	98
Við svalahurðina stóð stór, svartur hrútur sem var að japla á heyi úr jötu.	104 112
„Hvað er þetta?“ tísti Hafþór.	117
„Nú, hann Salómon!“	120

Hvaðan fannst Hafþóri líklegast að hárin kæmu?
Hvað gerði Hafþór skelkaðan?

Salómon leit geðvonskulega á Hafþór og Bessí, rumdi, og hélt svo áfram að éta.	6 14
Hafþór náði ekki upp í nefið á sér.	22
„En þú varst að segja að það væri ekki ...“	31
„Nú, ég hélt að þú skildir að ég gæti ekki sofið ein. Undir þessum kringumstæðum.“	41 46
„En hann er kind! Þú sagðir, þarna áðan, að það væri engin ...“ Hafþór náði ekki upp í nefið á sér.	54 61 66
„Já, hér er ekkert sauðfé úr Skagafirði! Salómon er úr Eyjafirði. Mér datt ekki í hug að þú værir að tala um hann. Svo er hann alls ekki inni í skápnum, heldur fyrir utan hann.“	73 82 93 101
Hafþór stundi og gjóaði augunum á Salómon. Salómon jarmaði hátt.	108 111
„Eru svona hrútar ekki dálítið ... viðskotailir?“ spurði Hafþór varlega.	117 120

Hvað merkir orðið „viðskotailur“?
Hvað þýðir „að ná ekki upp í nefið á sér“?